

FUNDARBOÐ

**1979. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 26.
ágúst 2026 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2602638 - Hólshraun 5, breyting á deiliskipulagi vegna stækkunar lóðar

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 19.ágúst sl.
Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 20.05.2026 var samþykkt að
grenndarkynna, með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, tillögu að breytingu á
deiliskipulagi vegna stækkunar lóðar. Tillagan var grenndarkynnt frá 22.05.2026
til 23.06.2026. Lögð fram samantekt athugasemda og svör ásamt uppfærðri
tillögu.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og leggur til við
bæjarstjórn að samþykkja uppfærða tillögu að breytingu á deiliskipulagi
Hólshrauns iðnaðar og þjónustusvæði vegna Hólshrauns 5.

2. 1602410 - Fjölmeningarráð

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.ágúst sl.
3. liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 18.ágúst
Lögð fram drög að nýju erindisbréfi.

Fjölskylduráð samþykkir fyrir sitt leyti nýtt erindisbréf fjölmeningarráðs og vísar
því til umfjöllunar í bæjarráði. Helstu breytingar með nýju erindisbréfi eru þær að
fjölmeningarráð heyrir undir bæjarráð enda er fjölmeningarfulltrúi starfsmaður
þjónustu- og þróunarsviðs. Fjölskylduráð telur mikilvægt að ekki dragist að
samþykkja nýtt erindisbréf svo hægt verði að skipa nýtt fjölmeningarráð sem
fyrst.

Árdís Ármannsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð vísar erindisbréfinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

**3. 2511201 - Vigdísarholt ehf, viljayfirlýsing, samstarf, nýtt hjúkrunarheimili,
Vatnshlíð**

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.ágúst sl.
Úthlutun á þróunarreit.

Lóðinni verður úthlutað til Lífsgæði þróunarfélags ehf. kt. 570226-0960, sem er í

samstarfi við Vigdísarholt ehf. í samræmi við samkomulag milli aðila. Lífsgæði þróunarfélag ehf. greiðir öll gjöld á framkvæmdartíma.

Bæjarráð samþykkir úthlutun á þróunarreit og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar. Bæjarstjóra jafnframt falið að ganga frá nánara samkomulagi við Lífsgæði þróunarfélag ehf.

Framsókn fagnar þessum mikilvæga áfanga og þeirri jákvæðu uppbyggingu sem hér er verið að skapa fyrir mikilvægan hóp í samfélaginu. Framsókn hefur stutt málið frá upphafi og lagt áherslu á að það verði að veruleika. Nú skiptir máli að fylgja því áfram eftir af festu og tryggja að framkvæmdin verði eins metnaðarfull og fyrirætlanir gera ráð fyrir. Hér er um fyrirmyndarverkefni að ræða sem Hafnarfjörður getur verið stoltur af og mun verða öðrum sveitarfélögum fyrirmynd á landsvísu. Framsókn mun áfram standa þétt við bakið á verkefninu og fylgja því eftir.

Fundargerðir

4. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fjölskylduráðs frá 18.ágúst sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 20.ágúst sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 17.ágúst sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar

Fundargerðir skipulags- og byggingarráðs frá 23.júní og 19.ágúst sl.

Fundargerðir fræðsluráðs frá 10.júní og 19.ágúst sl.

Fundargerðir umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 10. og 24. júní og 19.ágúst sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 24.ágúst sl.

24.08.2026

Þórður Þórarinnsson bæjarstjóri